

UM MARKLÝSINGAR Í SÉRNÁMI LÆKNA.

Tilmæli mats- og hæfisnefndar fyrir innihaldi og gerð marklýsinga vegna sérnáms í fræðigreinum læknisfræði:

Mats- og hæfisnefnd skv. reglugerð 467/2015 sér um formlega viðurkenningu marklýsinga fyrir sérnám lækna á Íslandi, bæði í sérnámsgrunni og sjálfu sérnáminu, hvort heldur er um að ræða kjarnasérnám eða fullt sérnám, undirsérgrein eða viðbótarsérgrein.

Nefndin hefur tekið mið leiðbeiningum frá General Medical Council í Bretlandi um gerð og innihald marklýsinga, sjá <https://www.gmc-uk.org/education/standards-guidance-and-curricula/curricula> og skjali frá sama aðila sem nefnist *Excellence by Design* = [mc-uk.org/education/standards-guidance-and-curricula/standards-and-outcomes/excellence-by-design](https://www.gmc-uk.org/education/standards-guidance-and-curricula/standards-and-outcomes/excellence-by-design), ásamt öðrum almennum skjölum frá viðkomandi heilbrigðisyfirvalda í Bretlandi, Danmörku og Svíþjóð varðandi gerð marklýsinga og úttekt sérnámsstaða (talin hér aftar).

Marklýsingar eru sendar mats- og hæfisnefnd þegar sótt er um viðurkenningu þeirra í upphafi og jafnan ef þær eru endurskoðaðar eða þeim breytt. Mats- og hæfisnefnd veitir formlega viðurkenningu marklýsinga sem taka gildi frá þeim tíma sem tilgreindur er í viðurkenningarskjalinu. Nefndin sér um að afla umsagna frá umsagnaraðilum skv. reglugerð nr. 467/2015.

Marklýsingum er skilað til nefndarinnar í Word® skjali (ekki í pdf-skjali), en gefa má út lokaskjal marklýsingar í pdf-skjali til að hafa á heimasíðum kennslustofnana, á vefsvæði mats- og hæfisnefndar og vefsíðu Embættis landlæknis.

Marklýsingar eiga að hafa *forsíðu* þar sem getið er heitis sérnámsins og dagsetning er til staðar, ásamt upplýsingum um útgefanda/útgefendur, s.s. sérgreinafélag, megin sérnámsstað og fræðigrein í grunnnámi við læknadeild HÍ sem sérnámið kemur út frá. Einkenni-merki stofnana sem sjá um gerð marklýsingar og þar sem sérnámið fer aðallega fram skulu vera á forsíðu. Dæmi má sjá í marklýsingum á heimasvæði mats- og hæfisnefndar undir liðnum „sérnám lækna“ á heimasvæði Landspítalans og á heimasíðu Embættis landlæknis undir samsvarandi lið.

Eftir forsíðu kemur *innihaldslýsing* sem á að vera á íslensku. Hlutar þessa efnis mega vera á ensku/skandinavísku máli ef það á við, svo sem ef vitnað er beint í erlend skjöl.

Þá þarf að vera til staðar *inngangur* á íslensku sem lýsir upphafi sérnámsins, grunni þess í íslensku reglugerðinni og í almennum leiðbeiningum og viðmiðum mats- og hæfisnefndar um sérnám lækna á Íslandi („Gullbókin“). Í inngangi mega vera stutt söguleg atriði varðandi tilurð sérnámsins. Lýsa þarf inntaki þess og tímalengd, takmarki og takmörkunum sérnámsins, kjarnasérnámi og fullu sérnámi ef við á. Fjallað skal um skilyrði og fyrirkomulag inntöku í sérnámið, áfangaskiptingu, stjórnun sérnámsins, handleiðslu, árlegt framvindumat og helstu

matsaðferðir í sérnáminu, og útgáfu vottorðs um lok þess (hvort heldur er um að ræða kjarnasérnám eða fullt sérnám). Allt sérnám skiptist í kjarnasérnám (e. core training) og framhaldssérnám (e. advanced specialty training). Sumt sérnám sem er í boði á Íslandi tekur aðeins til kjarnasérnáms (2 til mest 3 ár). Þá er gert ráð fyrir framhaldi sérnáms erlendis og oftast lúkningu þess líka frá erlendri námsstofnun, með tilvísan í reglugerð nr. 467/2015. Aðrar sérgreinar bjóða upp á fullt sérnám á Íslandi. Nokkrar sérgreinar geta boðið sérnám í undirsérgrein eða sem viðbótarsérnám.

Marklýsing þarf engu að síður jafnan að *lýsa öllu sérnáminu* með tilvísan í reglur Evrópusambandsins (EC/2005/36) sem EES-ríkin eru líka bundin af. Það er gert til þess að umfang væntanlegs sérnáms og takmark þess sé skýrt frá upphafi. Framhaldssérnám erlendis er metið m.t.t. þess hve vel sambærilegu ferli hefur verið fylgt ef sótt er um sérfræðiréttindi hérlandis. Sérnám erlendis verður að hafa fylgt nokkurn vegin sömu markmiðum og hafa sambærilegar kröfur til lúkningar sérnámsins svo það verði viðurkenningarhæft á Íslandi. Í reglugerð 467/2015 er mats- og hæfisnefnd gert að tryggja að sérnám lækna á Íslandi sé sambærilegt sérnámi í nágrannalöndum og í sama gæðaflokki.

Lýsing sérnámsins má að öðru leyti vera fengin frá erlendum aðila og má vera á ensku eða skandinavísku máli með tilliti til uppruna marklýsingarinnar. Í inngangi má vísa til viðkomandi erlendra vefsíðna þar sem nákvæmar námskröfur eru tilgreindar, en æskilegt er að þær séu hluti af íslensku marklýsingunni. Þetta er gert til að sérnámslæknum og þeim sem vinna við að kenna sérnámið sé sem best ljóst um hvað sérnámið snýst og hvernig það er framkvæmt. Þetta er enn fremur nauðsynlegt þegar umsókn um sérfræðileyfi er metin á Íslandi. Geta verður allra meginþátta sérnámsins sem taldir eru til í breska skjalinu *Excellence by Design*. Lögð er áhersla á sveigjanleika í sérnáminu Mats- og hæfisnefndin bendir þó á nauðsyn þess að öllum þáttum sérnámsins sé sinnt sem taldir eru upp í marklýsingu, bæði þeim sem lúta að kjarnasérnámi og þeim sem tilheyra framhaldssérnámi fram að lokum þess. Þetta á við hvort heldur sérnámi er fram haldið eftir kjarnasérnám á viðurkenndum sérnámsstöðum á Íslandi, eða erlendis.

Sérnámið miðar

- 1) að því að sérnámslæknir afli sér *breiðrar almennrar sérþekkingar í grunnþekkingaratriðum sérgreinarinnar* í kjarnasérnámi og í sérhæfðari hlutum hennar í framhaldssérnámi. Til að meta það getur verið nauðsynlegt að undirgangast og ná árangri í sérfræðiprófum sem eru í boði í þeim löndum þar sem lækna frá Íslandi sækja sérnám eða á vettvangi Evrópusamtaka sérfræðilækna sem eru innan sérfræðilæknasamtaka í Evrópu (UEMS). Hver sérgrein tilgreinir í marklýsingunni hvernig þessu er háttað.
- 2) að *meta að hæfni, færni og getu sérnámslæknis* til að starfa í sérgreininni. Það er gert gegnum ákvæði um reglubundið eftirlit og mat á framvindu sérnámsins, gegnum handleiðslu og stjórnun sérnámsins. Hæfni, færni og geta (e. capabilities in practice, CiP) taka til verklegar getu í helstu aðferðum sem sérgreinin notast við í greiningu sjúkdóma og lækningum, til samskipta við skjólstæðinga, samstarfsfólk, yfirmenn og aðra aðila sem skipta máli vegna starfa í sérgreininni, til öryggisþátta í lækningum og samskiptum, til siðfræðilegra atriða í tengslum við læknisstörf.
- 3) Getið skjal um tilgang sérhvers megin þáttar í marklýsingu.

- 4) Getið skal um stjórnun og stuðning við framkvæmd sérfræðinámsins (e. governance and strategic support).
- 5) Getið skal um kennsluáætlun (fræðilega og verklega), bæði almennt og í daglegum störfum.
- 6) Getið skal um framvindumat og matsaðferðir, auk handleiðslu, með tilvísan í Almennar leiðbeiningar og viðmið um framkvæmd sérnáms á Íslandi (Gullbókin, útgefin af mats- og hæfisnefnd).
- 7) Getið skal um gæðamat sérnámsins og leiðir til stöðugra umbóta á sérnáminu.

Sérnámsbrautin og megin sérnámsstaður standa sameiginlega að útgáfu *námslokavottorðs* (e. certificate of completed training, CCT), sem skal vera bæði á íslensku og ensku. Þar skulu tilgreind nauðsynleg upplýsingaatriði um sérnám viðkomandi læknis, svo sem um marklýsinguna sem fylgt var og útkomu framvindumats og lokamats.

Mats- og hæfisnefnd skv. reglugerð 467/2015 viðurkennir marklýsinguna og getur sett fram tilmæli um gerð hennar og fyrirkomulag sérnámsins umfram það sem er gert í upprunalandinu með tilvísan í íslenskar aðstæður. Án framvirktrar viðurkenningar mats- og hæfisnefndarinnar á sérnáminu og sérnámsstað/stöðum gildir marklýsingin ekki (= ekki afturvirk viðurkenning).

Mats- og hæfisnefnd getur leitað ráðgjafar innanlands og utan vegna marklýsinga og skal skv. reglugerð nr. 467/2015 leita samþykkis Embættis landlæknis, stjórnar viðkomandi sérgreinafélags á Íslandi, forstöðumanns og kennara í viðkomandi fræðasviði innan Læknadeildar háskóla Íslands og framkvæmdastjóra lækninga á megin sérnámsstað, áður en marklýsingin tekur gildi.

Einnig er vísað í eftirfarandi erlend viðmiðunarskjöl:

Bretland: <https://www.gmc-uk.org/education/standards-guidance-and-curricula/standards-and-outcomes/excellence-by-design> og skyld skjöl, s.s. https://www.gmc-uk.org/-/media/documents/generic-professional-capabilities-framework--2109_pdf-70417127.pdf

Danmörk: <https://www.sst.dk/da/Opgaver/Sundhedsvaesen/Uddannelse/Laeger/Speciallaegeuddannelser>
<https://www.sst.dk/da/Opgaver/Sundhedsvaesen/Uddannelse/Laeger/Inspektorordning>
<https://www.sst.dk/da/udgivelser/2015/vejledning-om-evaluering-af-uddannelsesstedet-i-den-laegelige-videreuddannelse>

Svíþjóð: <https://slf.se/app/uploads/2018/07/spur-folder-webben.pdf> og <https://www.lipus.se/og>
<https://www.socialstyrelsen.se/globalassets/sharepoint-dokument/artikelkatalog/foreskrifter-och-allmanna-rad/2021-2-7212.pdf>

Reykjavík í mars 2023.